

## **Fundargerð skólaráðs Akurskóla**

Fundur haldinn í Akurskóla 24. október 2012 frá klukkan 16-17

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Bryndís Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Sólveig Silfá Karlsdóttir fulltrúi kennara, Birna Ósk Óskarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Guðmunda Hergeirsdóttir og Katrín Jóna Ólafsdóttir fulltrúar foreldra, Vignir Örn Ágústsson og Gabríel Mattía Luppi, fulltrúar nemenda. Magnús Pálsson fulltrúi grenndarsamfélagsins boðaði forföll.

### **Dagskrá:**

- Kynning á starfsáætlun skólans - skólanámskrá
- Kynning á breytingum á skóladagatali
- Kynning á niðurstöðum samræmdra prófa í 10. bekk 2012
- Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### **Kynning á starfsáætlun skólans – skólanámskrá**

Skólastjóri kynnti starfsáætlun skólans og lét vita að hún yrði afhent fræðslustjóra á næsta fundi skólastjórnenda og birt á heimasíðu skólans.

### **Kynning á breytingum á skóladagatali**

Skólastjóri kynnti fyrir fundarmönnum fyrirhugaðar breytingar á skóladagatali Akurskóla. Starfsmenn Akurskóla hafa óskað eftir því í samráði við stjórnendur að breyta skóladagatali þannig að skólaárinu verði breytt í tvær annir úr þremur. Fundarmenn samþykktu þessar breytingar.

### **Kynning á niðurstöðum samræmdra prófa í 10. bekk 2012**

Skólastjóri kynnti niðurstöður samræmdra prófa í 10. bekk 2012. Mjög ánægjulegt að Akurskóla er yfir landsmeðaltali í tveimur af þremur greinum þ.e. í ensku og stærðfræði.

## Önnur mál

Guðmunda fulltrúi foreldra spurði hvort að hljóðvist í skólanum hefði verið skoðuð. Sigurbjörg sagði að það væri í athugun.

Katrín fulltrúi foreldra kom með ábendingu um að breyta fyrirkomulagi skólaslita. Benti hún á að undanfarin ár hefur skapast mikil ókyrrð á sal þar sem lesin er umsögn um hvern og einn nemanda. En Akurskóli hefur stækkar ört. Katrín kom einnig með ábendingu um aðkomu bifreiða að skólanum við Skólabraut og þyrfti að huga að þeim málum.

Gabríel fulltrúi nemenda lýsti yfir ánægju sinni með að hafin er sala á hollu nesti fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Gabríel kom einnig með fyrirspurn frá nemendum um það hvort að unglिंगadeildin mætti koma með drykki í fernum í skólann.

Umræða var um agastefnu en í framtíðarsýn Reykjanesbæjar er talað um að allir skólar móti sér skýra agastefnu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Eftir að fundi var slitið fór Sigurbjörg með fundarmenn og sýndi þeim nýtt tölvuver Akurskóla.

Fundargerð þessa ritaði

Bryndís Guðmundsdóttir

Aðstoðarskólastjóri Akurskóla